

SMÁSAGA

KÖTTURIN Í KULDANUM

EFTIR
KRISTJÁN HREINSSON





Það var í eina tíð
köttur sem ekki gat
sent frá sér annað
hljóð en hvæs. Ekki er
vitað hvenær sagan
gerðist, en kannski
átti hún sér stað áður
en kettir byrjuðu að
mjálma.

Það eitt er vitað með
vissu að þessi saga gerðist
áður en kötturinn sem hér
um ræðir byrjaði að
mjálma, Hvort sem aðrir
kettir höfðu þá þegar lært
að mjálma eður ei.



Þessi köttur bjó í kofa- garmi sem var ekki svo langt frá fjörinni og hann leitaði yfirleitt matar þarna við sjóinn. Þegar það gerðist sem segir frá í þessari sögu af kettinum, þá var vetur genginn í garð, vindurinn gnauðaði og snjórinn þakti jörðina.




Kötturinn var í koða sínum og lét sér leiðast. Honum var kalt og hann var svangur. Hann þór á hverjum morgni niðri þjöruna til að reyna að finna eitthvað ætilegt.



Einn daginn þór kötturinn í eina af sínum fjöruferðum. Hann gekk allan daginn fram og til baka um fjöruna, en ekki tókst honum að finna neitt æti.






Þá gekk hann aftur heim
að kofanum og reyndi að
sofa.

Vindurinn trúð sér innum hverja smugu á
koðanum og læsti krumlum sínum í köttinn,
þannig að hann skalþ og nötraði af kulda.



Hann reyndi að sofna og það eina sem hann fann til að breiða yfir sig, var lítill spýtukubbur.





Þegar kisi vaknaði snemma næsta dag, þór hann niðrí þjöruna og leitaði að mat, en hann þann ekkert.





Þá gekk hann að bóndabæ sem var þar skammt undan. Bóndinn sá köttinn og kallaði til hans: -Viltu gulrót kisi? Kötturinn bara hvæsti.

Og þegar bóndinn kastaði til hans gulrót, þá beið kötturinn eftir því að bóndinn færi, þá læddist hann að gulrótinni og ætlaði að fá sér bita. En frostið var svo mikið að gulrótin var hörð sem grjót og kötturinn gat ekkert nartað í hana.




Þegar þessi staðreynd var ljós, þór kötturinn aftur niðri fjöru og leitaði þar matar. Nú gekk kötturinn lengi og þegar hann hafði gengið um fjöruna þá fann hann úldinn krabba. Og lyktin af krabbanum var svo vond að kötturinn reyndi að halda fyrir trúnið með loppu sinni.





En hann vissi sem var, að hann yrði
að að þína í sig matinn, hann var jú
svo hryllilega svangur.



Aftur þór kötturinn í koðann sinn og soðnaði undir spýtukubbi á meðan vindurinn nánast gargaði við koðann og þrostið varð verri er nokkru sinni þýrr

Næsta dag vaknaði kötturinn sársvangur, hann ákvað að ganga að bóndabænum og reyna að fá eitthvað að éta. Þegar bóndinn sá köttinn þá kastaði hann til hans rófu og kallaði



-Kisi minn, viltu þá þér rófu?
Kötturinn bara hvæsti og beið eftir
því að bóndinn færi inn í bæinn. Og
þegar bóndinn var farinn þá reyndi
kisi að narta í rófunu, en sem
þyrridaginn var frostið svo mikið að
rófan varð á svipstundu hörð sem
steinn.





Kötturinn fór sem fyrr, niðri fjöru og leitaði að æti. En það var sama hversu oft hann gekk fram og til baka, hann fann ekkert sem mat mátti kalla. Þannig að aftur fór hann svangur að sofa.



Næsta dag lá kötturinn lengi í
koðanum því hann treysti sér
ekki til að fara út, svo brjálað var
veðrið. En þegar veðrið gekk
örlítið niður, barðist hann móti
vindinum og fór niðri fjöruna.

Og á meðan kötturinn leitaði í
þjörunni þá lægði vindinn en
frostið var jafn bítandi og það hafði
verið um langa hríð.





Þegar kötturinn hafði leitað allan daginn og séð að ekki var mat að hafa í fjörunni, brá hann á það ráð að fara að bóndabænum.



Þar var allt í ró, þannig að kötturinn
þór að stofuglugga og hleraði hvað
bóndinn og kona hans voru að
bralla.



Viltu fisk í matinn í dag? spurði
bóndakonan.

-Jaaaá, svaraði bóndinn.

-Viltu kartöflur með fiskinum?
spurði frúin.

-Jaaá, svaraði bóndinn.

-Og viltu hamsatölg á fiskinn?
spurði konan

-Jaaaá, svaraði bóndinn.

-Og viltu rúgbrauð með smjöri?
spurði þá bóndakonan.

-Jaaaá, svaraði bóndinn.






Nú sá kötturinn hvar bóndinn og kona hans snæddu mat sinn og voru afar sátt við sitt. En þegar bóndinn var búinn að borða, gekk hann að útidyrnum og þegar hann kom auga á köttinn, þá kallaði hann.

-Viltu þá þér fisk, kisi minn?
-Mjaaaá, svaraði kötturinn.
-Viltu kannski líka kartöflur?
spurði þá bóndinn.
-Mjaaaá, svaraði kötturinn.
-Og viltu mjólk í skál? spurði bóndinn.
-Mjaaaá, svaraði kötturinn.



An elderly man with a long white beard and a wide-brimmed hat sits on the left, looking towards the right. An elderly woman with a knitted head covering sits next to him, smiling warmly. She is holding a large, fluffy tabby cat that is looking towards the camera. The woman is holding a small red ceramic bowl. In the background, a rustic wooden cabin interior is visible, featuring a stone fireplace with a fire burning brightly on the right. A window on the left shows a glimpse of the outdoors. The overall atmosphere is warm and cozy.

Nú fékk kötturinn að éta og drekka og honum þór að líða betur.
Og enn vænkaðist hagar kattarins þegar hann þór inn í hlýjuna
hjá þeim bóndahjónum.

Svo vel leið kettinum hjá bóndanum og konu hans að hann hélt áfram að dvelja þar. Honum leið raunar svo vel í húsinu, að hann er þar enn.



Þolinmæði þykir raun,
þegnum vill hún stríða,
en allir fá þó einhver laun
ef þeir kunna að bíða.

